



Reykjavík, 1. júlí 2021

R21060276

0505

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Laugavegur 168 - 176 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 1. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021 á deiliskipulagi fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, ásamt fylgiskjolum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Við hlið Heklureits er einnig verið að samþykkja uppbyggingu nýrra íbúða meðfram þróunarás Borgarlínu. Niðurrit á baklóðum er heimilað og viðbyggingar við núverandi húsnæði sömuleiðis. Í tillögunni er hugað sérstaklega að skjólmyndun og sólarljósi.


Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokkks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista leggur áherslu á að ekki þurfi aukna hótellupþbyggingu heldur ætti að leggja alla áherslu á uppbyggingu íbúða og fyrst og fremst félagslega uppbyggingu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin Laugavegur 176 verði nýtt undir gististarfssemi og verslun, en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem lóðir án heimilda. Íbúaráð og fleiri eru á móti 8-hæða byggingu og var fallið frá því og fara á niður í 7. Hvað sem því líður, verður útsýnisskerðing og mjög skiljanlegt að íbúar séu svekktir yfir því. Það skiptir vissulega máli hvernig húsin „mjókka upp” þegar hugað er að skuggamyndum og áhrifum á vind. Inndregnar efri hæðir minnka t.d. slík áhrif. Útsýni er takmörkuð auðlind og afstöðu þarf að taka til þess hverjur eiga að njóta þess. Kvartanir vegna

útsýnisskerðingar eru margar, en eflaust fá einhverjir aðrir betra útsýni. Nokkur vandræðagangur virðist vera í samgöngumálunum og örðugt að búa til stæði fyrir rútur. Fram kemur í niðurstöðum samgöngumats að 63 bílastæði ættu að vera á lóðinni, þar af 4 fyrir hreyfihamlaða. Hjólastæði skulu vera á bilinu 62-93. Fleiri hjólastæði eru en bílastæði sem er athyglisvert.



Helga Björk Laxdal
e.u.